

Nd. 210. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Fyrir orðin „Á árinu 1957“ í 1. gr. laganna komi: Fyrir febrúarlok 1958.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til að breyta ákvæðum 1. gr. laga nr. 44 frá 1957 um skatt á stóreignir, en þar er boðið, að skattur þessi skuli álagður á árinu 1957. Nú hafi komið í ljós, en þó eigi fyrir en eftir að Alþingi var frestað, að ekki muni vinnast tími til að ljúka að fullu álagningu skatts þessa fyrir árslok 1957. Beri því brýna nauðsyn til að framlengja nokkuð frestinn til skattálagningarinnar.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að breyta ákvæðum laga nr. 44 frá 3. júní 1957 um skatt á stóreignir, eru hér með samkvæmt ákvæðum 28. greinar stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Fyrir orðin „Á árinu 1957“ í 1. gr. laganna komi: Fyrir febrúarlok 1958.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.